

Úttekt á Hæli sumarið 1807¹

Anno 1807, þann 23. júlí, að Þingeyraklausturs jörðunni Hæli voru undirskrifaðir til staðar (eftir bón hr. administrators Þingeyraklausturs B. Olsens) að yfirlíta og uppskrifa hús nefndrar jarðar og ofanálág² á þau að gera, eftir sem núverandi ábúandi nefndrar jarðar, Björn Björnsson, verður billega uppástandandi, og fyrirfundust jarðarinnar hús sem fylgir:

1 Baðstofa, átta álnir á lengd en þrjár á breidd, þrjár á hæð undir mænir. Með tveimur bitum á veggi, öðrum brotnum og stoð undir, svo og sinni stoð undir hvörjum enda á þeim sama og dverg af bitanum undir mænirás sem er á hinum bitanum. Vegglægjur í þr...num³ af baðstofu endanum norðari, önnur brotin, þverreft af þeim á mænirás en hinn parturinn langreftur og þverreftur á veggi með gisnu, gömlu og fúnu greniviðar upprefti. Hurð á járnum og tveimur dyrastöfum. Gömlum veggjum, þó nokkuð stæðilegum nema skot er hrunið úr öðrum hl...⁴ og suðurstafninn er svo sem fallinn. Þykku,⁵ grónu þaki.

2 Búr, 5 álnir á lengd en fjórar á breidd og 3 1/2 á hæð. Með einum bita á veggi og stoð undir miðjunni og dverg af miðjum bitanum undir einlægum mænirás, brotnum á dvergnum. Langreft og þverreft með sterku greniviðar upprefti á veggi. Með austur hliðvegg óstæðilegum en hinum stæðilegum og nýju þaki. Hurð á járnum við tvo dyrastafi, hespu og keng, dyratré og þrepskuld.

3 Eldhús, 4 álnir á lengd en þrjár á breidd og þrjár á hæð. Með einum bita á veggi og dverg af bitanum undir einlægum mænirás. Langreft og þverreft á veggi með sémilegu upprefti og veggjum stæðilegum og vallgrónu þaki.

4 Hús norðan fram í bænum, 5 álnir á lengd en þrjár á breidd og 3 1/2 á hæð. Með tveimur bitum og sinni stoð undir hvörjum bitaenda og sínum dverg af hvörjum bita undir einlægum mænirás. Langreft og þverreft með gömlu upprefti. Tunnustafa hurð á járnum við tvo dyrastafi, hespu og keng, tveimur dyratrjám. Austur hliðvegg inn snöruðum en hinum stæðilegum, og gömlu þaki.

5 Hús sunnan fram í bænum, 5 álnir á lengd en þrjár á breidd og þrjár á hæð. Með einum eikarbita og auknum mænirás. Langreft og þverreft á veggi með gömlu upprefti, sumu fúnu. Lélegum veggjum og gömlu þaki.

6 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, níu álnir á lengd en 1 1/2 alin á breidd og þrjár á hæð. Langreft og þverreft á veggi, og gömlu þaki. Bæjardyr með bitaP og sperrum á en snöruðum og smá fjalastúfum og vindskífum, öllu lausu, tveimur fjala dyrastöfum, öðrum nærri í sundur að neðanverðu. Hurð á járnum og trélokukeng.

7 Fjós, 6 álnir á lengd en 3 1/2 á breidd og ekki fullar þrjár álnir á hæð. Með einni stoð og auknum mænirás. Langreft og þverreft á veggi með gömlu greni upprefti. Föllnum veggjum og gömlu þaki, slæmu þaki. Hurð á járnum við tvo dyrastafi og dyratré.

Bæjarhúsin eru öll í jörðu að utan nema svo sem svarar alin og er það af veggjunum, sem upp úr stendur, fallið nema á baðstofunni. En það sjötta hús hér að framan í tölunni segir Þórarinn að niðri hafi legið á gólfi nærri spýtnalaust, þegar hann að Hæli kom, og hafi það við hressst upp á eigin kostnað en án neins ofanálags á jörðina. Uppástóð svo Björn að gjört sé 40 ríkisdala ofanálág á jörðina til þess að hún yrði gerð ábúðarfær, hvað undirskrifaðir álykta að vera skuli og Þórarinn tilstendur að vísu of mikið, en segist ómögulega geta það betalað allt en lofar að betala svo mikið af téðu ofanálagi sem honum sé mögulegt að missa frá sinni lífsbjörg.“

Sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

¹ ÞÍ. Þingeyraklaustur VII/1. Úttektir 1767-1841.

² Jaðar blaðsins er lítillaga skertur og því nokkuð „lesið í málið“ hér og ekki allt fullöruggt. Settir þrír punktar [...] þar sem er algjörlega ólæsilegt.

³ Óljóst.

⁴ Óljóst.

⁵ Óljóst.

Ólafur Björnsson, Hannes Hannesson, Björn Björnsson; Þórarinn Guðbrandsson
handsalaði að skrifa nafn sitt

Úttekt á Hæli vorið 1815⁶

Anno 1815, þann 29. maí, voru undirskrifaðir til staðar að Hæli að uppskrifa téða jörð, þá Björn Björnsson hana afhenti en Ólafur Ólafsson móti tók, hvör jörð svo fyrirfannst sem fylgir:

- 1 Baðstofa, 7 1/2 alin að lengd en 2 3/4 alin breidd en 4 1/2 á hæð. Með átta stöfum, fjórum bitum, sperrum yfir hvörjum bita, syllum, einum langböndum og langröftum og meirpart gömlu stórkeraldstafa upprefti gisnu, öll grannviðuð. Einum dyrastaf, hurðargarmi á járnum með járnlinku og hakagarm í staf en baðstofustafurinn er annar dyrastafurinn. Veggir nýlegir, þó farnir að snarast, þak sæmilegt. Mænitróðu vantar í eitt stafgólf.
- 2 Búr, fjórar álnir að lengd en 3 að breidd, 3 1/4 að hæð. Með bita milli veggja, fúnum og brotnum, og dverg af undir einlægan fúinn mænirás. Langreft og þverreft á brúkanlega veggji með grautfúnu upprefti. Húsið fallferðugt að viðum. Dyratré og tveir þverraftar fúnir, dyrastafir, hurðarflak á járnum og kengur í staf.
- 3 Eldhús, 5 1/4 alin að lengd en 2 1/4 að breidd og 4 á hæð. Með einum bita og dverg af undir einlægan mænirás, langreft og þverreft á veggji með gisnu upprefti gömlu, þremur dyraröftum. Þak sæmilegt, veggir sæmilegir nema vesturveggurinn er klofinn og inn siginn.
- 4 Kofi norðan fram í bæ, 5 3/4 alin og hálf kvartil að lengd, 3 álnir að breidd, 3 3/4 alin hár. Með einum bita milli veggja og dverg af undir einlægan mænirás, langreft og þverreft á veggji með gömlu upprefti. Veggir nýlegir, þakið gott. Þrjú dyraraftar. Kofinn er stæðilegur.
- 5 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 13 álnir að lengd en alin að breidd upp við við. Þverreft og langreft framan til með fornu upprefti en innan til grönnu, fúnu upprefti. Hæðin er 2 1/2 alin. Bæjardyr með tveimur fjala dyrastöfum, dyratré, hurðarskrifli á járnum og loku, keng í staf og þrepskuld.
- 6 Fjós yfir 3 naut, 5 1/4 alin að lengd, 3 að breidd, 2 3/4 alin að hæð. Með einum bita og dverg undir aukinn mænirás. Langreft og þverreft með gömlu, þó brúkanlegu upprefti, þremur dyraröftum, dyrastöfum, hurð á járnum. Veggir nýlegir sumpart, allir stæðilegir, tveimur hellum milli kúa, básasteinum og flór. Þak brúkanlegt.
- 7 Kofi sunnan undir bæ, sem hefur verið fjós handa þremur nautum. Með bita milli veggja á þeim einstaka bás og dverg af undir einlægan mænirás, langreft og þverreft á brúkanlega veggji með gömlu upprefti. Þrjú raftar eru brotnir, þak brúkanlegt.

Við þessa uppskrift mætir ei Björn, þó til þess aðvaraður, og framvísaði ei þeirri síðustu uppskrift né byggingarbréfi. Innstæðuhús meinast að eigi að fylgja, sem þó sést ekkert; fjárhúsatóftir, fjóstóft og hesthústóft lítt nýtt sem og kvíar. Kofi er sunnan undir bæ, fram af gamla fjósinu, sem sýnist hafandi til álags á búið sé hann ei jarðar hús, en á göngin gjörist álag 4 rd. Á hin húsin gjörist ei álag svo framt að Björn geti bevísað að þau haldi stærð sinni, nema á vestari eldhúsvegginn, sem inn siginn er, svo snart takast þarf og undir eins hliðina. Gjörist því álag 2 rd.

Við endir þessarar úttektar mætir Björn en svarar ei í þetta sinn kúgildinu þar fé hans er ei við en þeir hafa líkinda orð um að koma sér saman um kúgildið.

Kálgarður er enginn.

Sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Guðmundur Helgason, Ólafur Björnsson, Björn Björnsson, Ólafur Ólafsson

Rétt útskrifað vitnar.

⁶ ÞÍ. Þingeyraklaustur VII/1. Úttektir 1767-1841.

Ólafur Björnsson

Úttekt á Hæli haustið 1815

Þann 11. nóvember 1815 að Hæli voru undirskrifaðir til staðar eftir skriflegri begjering hr. administrator B. Olsen, af 9. sama mánaðar, að gjöra álag á hús nefndrar jarðar, sem á næstliðnu vori áleist fallferðugt, ofan á hvört að hesthúsið sunnan undir bænum var lagt, svo framt að það væri ei jarðarinnar hús heldur eign Björns Björnssonar, eins og hann þá uppástóð væri, og honum til kom að bevísa, þar hans sögusögn í því sýndist yggjandi, en hefur ei fært nein bevís til þess. En hr. Olsen uppástendur að það sé vafalaust jarðar hús, sem Birni til kemur ef hann getur að bevísa sinn eignarrétt á því, annað hvort með uppskrift þeirri, sem gjörð var þá hann að Hæli fór, eður með órækum lifandi vitnum. En á þau jarðar hús, sem Ólafur ei uppástóð álag á, á næstliðnu vori, gjörist ei álag (þar hann undirskrifaði uppskriftina) svo framt að Björn geti bevísað að hann hafi ei húsin saman fært, sem honum til kemur nær sem þess er af honum óskað. Og gjörist svo mikið álag á búrið, sem hesthúskofinn með hurð og dyrastöfum virtist, nefnilega 2 rd. courant. En á fjóstóftina, sem við seinustu uppskrift ei var undanskilin álagi, hvört nú er af hr. Olsen uppástaðið, gjörast 2 rd. En á hesthúsið — sem var í vorið var með hurð og dyrastöfum, einlægum gömlum mænirás, 6 álnir að lengd en 2 álnir og 3/4 að breidd, lang- og þverreft á fallna vegg — gjörist þriggja ríkisdala álag, þar uppreftið er burt fúið víða og hitt lítt nýtt af elli og fúa. Er svo álagið í það heila 13 rd. courant.

Sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Ólafur Björnsson, Guðmundur Helgason

Rétt útskrifað, vitnar.

Ólafur Björnsson